



Styr um Bretaprins

Karl prins hyggst höfða mál vegna sögusagna | Erlent 12



Felix í besta formi

Umsögn um leikritið Ævintýrið um Augastein | Listir 16



Gefandi bókaútgáfa

Samhent hjón hafa staðið að Hörpuútgáfunni | Vesturland 11



Hnífjafnir eftir 33 skákir



Morgunblaðið/Sverrir

ATSKÁKAREINVÍGI þeirra Friðriks Ólafssonar og Bents Larsen, KB-einvígið, hefst á Hótel Loftleiðum kl. 18 á morgun, þriðjudag, en það er haldið til að minnst frægs einvígis sem þeir háðu rúmlega tvítugir að aldri um Norðurlandameistaratitil í skák í Sjómannaskól-anum árið 1956. Friðrik og Bent tefla alls átta atskákir eða jafnmargar skákir og í einvíginu fræga. Tefldar verða tvær skákir á hverju kvöldi og verða síðustu skákirnar tefldar á föstudagskvöldið.

Segja má að enn sé allt algerlega í járnum milli Friðriks og Bents því þeir munu hafa teft 33 skákir frá árinu 1951 og hafa einungis þrjár þeirra endað með jafntefli en fimmtán sinnum hefur hvor um sig sigrað.

Friðrik og Bent settust niður við skákborðið í Sjómannaskólanum í gær og rifjuðu upp gamla daga. Bent gat ekki látið hjá líða að minna Friðrik á gamla afleiki úr fyrri viðureignum þeirra.

Lag Emilíönu beint á toppinn

LAGIÐ Slow, sem Emilíana Torriini samdi fyrir Kylie Minogue, fór beint á topp breska smáskífulistans fyrir vikuna sem leið. Þetta er sjöunda lagið sem Kylie Minogue kemur á toppinn og hefur hún þannig rutt úr sessi sjálfri Madonnu en hún hefur á ferlinum náð sex lögum á topp breska listans. Minogue lýsti í samtali við Morgunblaðið um helgina ánægju með samstarfið við Emilíönu og sagði um söng sinn í laginu Slow að rödd hennar hafi aldrei hljómað svona áður á plötu. Emilíana Torriini samdi tvö lög á nýj-ustu plötu Minogue, Body Language, en plötunni er spáð miklum vinsældum.



Alþingi hafi frumkvæði að fjárveitingu til dómstóla

ÓLÖF Pétursdóttir dómstjóri hvatti á aðalfundi Dómarafélags Íslands á föstudag til að frumkvæði fjárveitinga til dómstóla flyttist frá framkvæmdavaldi til löggjafarvalds.

„Ég tel rétt að dómstólar sækji fjárveitingar sínar beint til löggjafarvaldsins í stað þess að þurfa að sækja þær í gegnum framkvæmdavaldið til Alþingis. Þetta yrði í raun með sama hætti og hjá umboðsmanni Alþingis,“ segir Ólöf, en Dómarafélagið fól henni að skoða breytingar sem lagt er til að gerðar verði á stjórnsýslu, fjármálum og verkaskiptingu tengdum héraðsdómstólum í frumvarpi um breytingu á dómstólalögum og lögum um meðferð einkamála.

Á fundinum vísaði Ólöf í mikilvægi þess að viðhalda þrígreiningu ríkisvaldsins.

„Ég tel að markmið okkar sé og eigi að vera, að dómstólar verði sjálfstæðir í sérhverju tilliti, þannig að þeir falli hvorki undir ákvörðunarvald framkvæmdavalds né löggjafarvalds í fjárhagslegu eða stjórnunarlegu tilliti. Ég tel tvímælalaust betra fyrir sjálfstæði dómstólanna, að þurfa einungis að sækja fjárveitingar til eins valdhafa ríkisvaldsins, það er að segja Alþingis, heldur en að eiga það undir báðum valdhöfunum, með því að sækja það til Alþingis í gegnum stjórnsýsluna, þ.e.a.s. dómsmálaráðuneyti,“ sagði Ólöf í erindi sínu.



Morgunblaðið/Golli

Ólöglegt efni með Sigur Rós

NÝVERIÐ opnaði enn ein heimasíðan til einkuð íslensku hljómsveitinni Sigur Rós. Á síðunni, sem er á slóðinni www.popplagid.com, eru taldar upp um 200 ólöglegar hljóðritanir – flestar af tónleikum sveitarinnar. Síðan er sennilega sú ítarlegasta af þeim sem tileinkaðar eru sveitinni.

Koizumi hélt þing-meirihluta

Tókýó. AFP, AP.

STJÓRNARFLOKKUR Junichiro Koizumis, forsætisráðherra Japans, Frjálslyndi demókrataflokkurinn (LDP) og samstarfsflokkar hans héldu meirihlutann í neðri deild japanska þingsins en þingkosningar fóru fram í gær. Meirihluti Koizumis minnkaði samt nokkuð, stjórnarflokkarnir fengu samtals 275 þingsæti af 480 en töpuðu 12 þingsætum.

LDP fékk 237 þingsæti en hafði 247 fyrir kosningarnar. Demókrataflokkurinn (DJP), stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, jók verulega fylgi sitt og fékk 177 þingsæti, bætti við sig 40 þingmönnum.

LDP hefur verið við völd nær óslitið í 48 ár. „Par sem LDP hefur verið svo lengi við stýrið geri ég ráð fyrir að fólk vilji breytingar og aukinn styrkur DJP endurspeglar þær óskir. Margir eru orðnir óþolinmóðir og vilja sjá árangur af umbótunum,“ sagði Koizumi í gær. Hann hefur beitt sér fyrir umbótum í efnahagsmálum þrátt fyrir andstöðu íhaldsafla í eigin flokki.

Fordæma árás í Sádi-Arabíu

17 látnir og mikill fjöldi særður

Riyadh. AFP, AP.

RÍKI arabaheimsins fordæmdu í gær mannskæða hryðjuverkaárás sem gerð var í Ríyadh, höfuðborg Sádi-Arabíu, seint á laugardagskvöld að íslenskum tíma. Vitað er að að minnsta kosti 17 manns, þar af fimm börn, fórust og á annað hundrað manns slasaðist. Langflest fórnarlömbin voru annaðhvort Sáðar eða fólk frá öðrum múslímalöndum.

Hinn helgi mánuður múslíma, ramadan, stendur nú yfir. Áhrifamiklir múslímaklerkar í Egyptalandi sögðu í gær að verja mætti sjálfsmorðsárásir í mánuðinum ef þær væru þáttur í heilögu stríði en aðgerðir af þessu tagi væri ekki hægt að réttlæta. Arababandalagið, sem 22 ríki eiga aðild að, fordæmdu árásina og sagði í yfirlýsingu þess að hún hefði verið verk „hugleysingja og hermdarverkamanna“. Amr Moussa, framkvæmdastjóri bandalagsins, sagði að markmið árásarmanna hefði verið að grafa undan stöðugleika, hræða og drepa saklaust fólk.

Stjórnvöld í Íran fordæmdu



Reuters

Kona situr á sjúkrahúsi í Ríyadh eftir að gert hefur verið að sárnum hennar eftir sprenginguna í höfuðborg Sádi-Arabíu í gær. Myndrömminn er úr frétt sjónvarpsstöðvarinnar al-Arabiya.

einnig tilræðið. „Það er andstætt íslömskum gildum og mannlegu siðgæði að drepa varnarlausar konur og börn í hinum helga mánuði ramadan,“ sagði utanríkisráðherra landsins, Kamal Kharazi.

Um var að ræða sjálfsmorðsárás og var tveim bílum með sprengiefni ekið inn í hverfi við borgina. Líkur eru taldar á því að um liðsmenn al-

Qaeda-samtakanna hafi verið að ræða og segja sérfræðingar að allt bendi nú til þess að hryðjuverka-samtök séu að reyna að skapa ringulreið í landinu. Þeir voni að þá fái þeir færi á að taka völdin og stofna arabískt ríki í anda talibana sem áður réðu yfir Afganistan.